

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 20. Mánudagur 09.12.2024

Fundarstaður: Végarði Fljótsdal og í Teams, kl. 16:00

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Páll Baldursson verkefnastjóri Austurbrú.

Dagskrá

1. Útistandandi verkefni
2. Nýjar úthlutunarreglur
3. Kosning stjórnar
4. Önnur mál

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Útistandandi verkefni

Lagt var fram aftur yfirlit yfir útistandandi styrki sem ekki hafa skilað lokaskýrslu. Samþykkt að ólokin verkefni frá 2023 hafi frest fram í maí að skila lokaskýrslu en að styrkloforð fyrir eldri verkefni þ.e. frá árinu 2021 og 2022 séu felld niður.

2. Drög að nýjum úthlutunarreglum

Stjórn er heimilt að endurskoða úthlutunarreglur fyrir árslok ár hvert. Lögð voru fram drög að nýjum úthlutunarreglum og þær samþykktar samhljóða. Nýjar úthlutunarreglur verða birtar á vefsvæði sjóðsins á heimasíðu Fljótsdalshrepps.

3. Kosning stjórnar

Signý Ormarsdóttir og Lárus Heiðarsson hafa óskað eftir því að fá að víkja úr stjórn sjóðsins. Stjórn samþykkir að eftirfarandi skipi stjórn Samfélagssjóðsins í Fljótsdal frá og með 1. janúar 2025: Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf og Páll Baldursson

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 16:40

Fundargerð ritaði Páll Baldursson